

**Fundargerð háskólaráðs**  
**391. fundur fimmtudaginn 22.02.2018**  
**Borgir, R262 kl. 14:00-16:00**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14:00.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda  
Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, í fjarfundi  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Stefán B. Sigurðsson  
Þorsteinn Gunnarsson

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Samþykkt fundargerðar 390. fundar**

*1801020*

Samþykkt.

**2. Rekstur og fjármál**

Uppgjörs ársins 2017 er ekki tilbúið en gert ráð fyrir að heildarrekstrarniðurstaða ársins 2017 verði í jafnvægi og nálægt núlli. Rekstraryfirlit fyrir fyrstu tvo mánuði ársins mun verða lagt fyrir á marsfundi.

**3. Samskiptavandamál á hug- og félagsvísindasviði**

*1802058*

Rektor sagði frá stöðu mála í samskiptum á hug- og félagsvísindasviði en fenginn hefur verið ytri ráðgjafi til að taka viðtöl við starfsmenn og

stjórnendur á sviðinu til að greina stöðuna og mun ráðgjafinn skila skýrslu til rektors sem mun taka ákvörðun um ráðstafanir í framhaldinu. Gert er ráð fyrir að skýrsla ráðgjafa muni liggja fyrir og verða kynnt fyrir háskólaráði á næsta fundi.

#### **4. Reglur um akademískar nafnbætur – til samþykktar**

*1802038*

Lagðar fram til samþykktar reglur um viðurkenningu HA á akademísku hæfi starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og veitingu akademískrar nafnbótar við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri. Samþykkt.

#### **5. Jafnréttisráð 2018-2020**

*1802038*

Lögð fram tillaga að tilnefningum fulltrúa í jafnréttisráð HA til næstu tveggja ára.

Samþykkt hefur verið að fjölga í jafnréttisráði: rektor skipar formann og nemendur hafa nú tvo fulltrúa í stað eins áður.

Að auki leggur rektor til að jafnréttisráð fái starfsmann í 25% starfshlutfalli sem RHA útvegar í samræmi við samning við skrifstofu rektors.

Tillaga samþykkt á grunni stefnumótunar 2018-2023.

#### **6. Úthlutun rannsóknamissera 2018-2020**

*1710033*

Sigfríður Inga Karlsdóttir vikur af fundi.

Lögð fram tillaga rannsóknamisseranefndar að úthlutun rannsóknamissera 2018-2019. Háskólaráð samþykkir að við úthlutun rannsóknamissera séu aflstig námunduð að næstu heilli eða háflri tölu og samþykkt að úthluta þeim umsækjendum rannsóknamisseri sem uppfylla skilyrði um aflstig, ásamt öðrum skilyrðum reglnanna.

Að auki muni rektor áfram úthluta aukarannsóknamisserum með vísan til 4. gr. reglna um rannsóknamisseri til að styrkja rannsóknir og fjölga doktorsmenntuðu starfsfólki.

#### **7. Starfsmannamál**

Sigfríður Inga Karlsdóttir kemur aftur inn á fundinn.

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir ráðningar s.l. vikna og þau störf sem eru í ferli eða auglýsingu.

Lagt fram bréf frá deildarformanni félagsvísinda- og lagadeildar um framtíðarsýn í lögfræði og skilgreiningu á fjórum akademískum stöðum í lögfræði. Háskólaráð samþykkir forgangsöröðun deildarinnar og kennara í lögfræði og að auglýsingaferlið verði sett af stað fyrir tvær fyrstu stöðurnar um leið og auglýsingarnar og skilgreiningar á störfunum liggja fyrir og hafa verið samþykktar á deildarfundum félagsvísinda- og lagadeildar.

Lögð fram tillaga deildarfundar viðskiptadeildar um ráðningu lektors í fjármálum og alþjóðaviðskiptum. Einnig lögð fram tillaga deildarfundar um að ráða tvo aðra umsækjendur um starfið í tvær tímabundnar hálfar stöður, til tveggja ára, til að styrkja meistaranám í viðskiptafræði og koma að uppbyggingu doktorsnáms. Háskólaráð samþykkir þessa tilhögun þar sem það er í samræmi við þá stefnu að byggja upp rannsóknir og framhaldsnám.

Brynhildur yfirgaf fundinn kl. 15:50.

## 8. Beiðni um takmörkun á fjölda nemenda á 1. ári í sálfræði og lögreglufræði á vormisseri 2019

1802039

Tillögur frá forseta hug- og félagsvísindasviðs lagðar fram til kynningar. Verður lagt fram til samþykktar í mars.

## 9. Önnur mál

- **#Metoo**  
Engar formlegar tillögur um viðbrögð HA liggja fyrir en vinna er í gangi innan skólans.
- **Kennaranám**  
Hermína vakti athygli á umræðu um kennaramenntun í samfélaginu og þátttöku HA í þeirri umræðu í tengslum við stefnu og áherslur HA. Verður tekið til ítarlegri umræðu á marsfundi háskólaráðs.
- **Heiðursdoktorsnafnbætur á hug- og félagsvísindasviði og heilbrigðisvísindasviði**  
Frestað til næsta fundar.
- **Magna Charta Universitatum**  
Stefán B. Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson komu inn á fundinn undir þessum lið og kynntu háskólayfirlýsinguna (Magna Charta Universitatum) en HA hefur verið boðið að undirrita yfirlýsinguna. Háskólaráð samþykkir að HA sæki um að skrifa undir yfirlýsinguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:24.